

Miðvikudaginn 12. júní 1957.

Nr. 87/1957. **Grettir Lárusson og Oddur Helgason**  
 gegn  
**Gunnari Scheving Sigurðssyni**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

### Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kærum 30. apríl 1957. Hvor þeirra um sig krefst úr hendi varnaraðilja málskostnaðar í héraði, kr. 4.000.00, og kærumálskostnaðar eftir mati Hæstaréttar.

Kröfur hafa engar borizt frá varnaraðilja.

Eftir málavöxtum er rétt, að varnaraðili greiði hvorum sóknaraðilja málskostnað í héraði, kr. 1.000.00, og kærumálskostnað, kr. 400.00.

### Dómsorð:

Varnaraðili, Gunnar Scheving Sigurðsson, greiði sóknaraðiljum, Gretti Lárussyni og Oddi Helgasyni, hvorum um sig málskostnað í héraði, kr. 1.000.00, og kærumálskostnað, kr. 400.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 29. f. m., hefur Gunnar Scheving Sigurðsson, Rauðalæk 45 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. janúar 1957 og birtri 23. s. m., gegn Gretti Lárussyni, Kársnesbraut 36, Kópavogi, og Oddi Helgasyni, Þingholtsstræti 34 hér í bænum, til greiðslu in solidum á víxilskuldum, að fjárhæð samtals kr. 41.750.00 með 7% ársvöxtum af kr. 10.175.00 frá 30. nóvember 1956 til greiðsludags,  $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, stimpil- og afsagnarkostnaði og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en að frá-dregnum víxilvöxtum af kr. 10.350.00 frá greiðsludegi til 30. febrúar n.k., af kr. 10.525.00 frá greiðsludegi til 30. maí n. k. og af kr. 10.700.00 frá greiðsludegi til 30. ágúst n. k. Að því leyti sem greiðsla þriggja síðasttaldra fjárhæða kynni að fara fram eftir

2. marz n. k. (30. febrúar), 30. maí n. k. og 30. ágúst n. k., krefst stefnandi 7% ársvaxta af þeim fjárhæðum frá þessum gjalddögum til greiðsludags. Þá krefst stefnandi staðfestingar á löghaldi, er hann hinn 12. janúar s.l. lét leggja á bifreiðina R 5910 í fógetarétti Kópavogskaupstaðar.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt 4 víxlum, að fjárhæð kr. 10.175.00, kr. 10.350.00, kr. 10.525.00 og kr. 10.700.00, útgefnum af stefnda Oddi Helgasyni hinn 2. ágúst 1956 og samþykktum af stefnda Gretti Lárussyni, með gjalddögum 30. nóvember 1956, 30. febrúar 1957, 30. maí 1957 og 30. ágúst 1957. Fyrsta víxilinn kveður stefnandi afsagðan vegna greiðslufalls á öðrum virkum degi eftir gjalddaga, en hina þrjá víxlana kveður hann afsagða 19. janúar s.l. einnig vegna greiðslufalls, enda þótt gjalddagi þeirra væri þá ekki kominn.

Stefnandi kveður umrædda víxla til orðna af því tilefni, að stefndi Grettir hafi hinn 22. ágúst s.l. keypt bifreiðina R 5910 af stefnanda. Hinn 11. janúar s.l. kveður stefnandi stefndu ekki hafa verið farna að greiða víxil þann, er í gjalddaga féll hinn 30. nóvember 1956. Nokkrum dögum fyrir 11. janúar s.l., þann dag og daginn eftir kveðst stefnandi hafa fengið vitneskju um eftirfarandi atriði: Að stefndi Grettir hafði hinn 19. nóvember og 8. desember 1956 tekið að láni hjá nafngreindum manni hér í bæ samtals kr. 17.300.00 undir því yfirskini, að hann ætlaði að nota fé þetta til að greiða stefnanda víxil þann, er í gjalddaga féll 30. nóvember 1956, að gert hafði verið lögtak í umræddri bifreið fyrir rúmlega kr. 17.000.00, að stefndi Grettir hafði ekki greitt váttryggingariðgjald af húftryggingu bifreiðarinnar, eins og ráð hafði verið fyrir gert, og loks að hinn 28. desember 1956 hafði verið lagt löghald á umrædda bifreið til tryggingar eftirstöðvum víxilskuldar, að fjárhæð kr. 26.100.00, og að faðir stefnda Grettis hefði mætt við löghald þetta og lýst því yfir, að stefndi Grettir ætti ekki aðrar eignir en umrædda bifreið. Af þessum sökum kveðst stefnandi hafa látið afsegja víxla þá, sem ekki höfðu þegar verið afsagðir, vegna fyrirsjáanlegs greiðslufalls samkvæmt ákvæði 5. mgr. 44. gr. víxillaganna, þar sem hann hafi talið ljóst, að stefnda Gretti skorti bæði getu og vilja til að greiða víxilskuld þá, er í gjalddaga var fallin, og mætti því vænta sömu vanskila á víxlum þeim, er eigi voru fallnir í gjalddaga. Kveðst stefnandi reisa kröfur sínar á 43. gr. víxillaganna, sbr. 44. og 48. gr. sömu laga.

Stefndu hafa krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Stefndu reisa frávisunarkröfur sínar á því, að skjöl þau öll, er stefnandi reisir kröfur sínar á, hafi ekki verið lögð fram í málinu. Beri því að vísa kröfum stefnanda frá dómi samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi hafi aðeins lagt fram einn þeirra fjögurra víxla, sem hann reisir kröfur sínar á, en þann víxil kveðst stefndi Grettir hafa greitt ásamt áföllnum kostnaði samkvæmt tilboði, gefnu á bæjarþinginu við þingfestingu málsins. Þá kveða stefndu stefnanda aðeins hafa lagt fram óstaðfest endurrit af löghaldsgerð og ekki hafi umboðsmaður stefnanda afhent þeim endurrit af þeirri löghaldsgerð né heldur endurrit víxla þeirra, sem mál þetta fjallar um.

Mál þetta var þingfest á bæjarþinginu hinn 31. janúar s.l. Komu þá fram af hendi stefnanda stefna, greinargerð, óstaðfest endurrit af löghaldsgjörð og víxill, sá er í gjalddaga féll 30. nóvember 1956, en í greinargerð sinni kveðst stefnandi leggja fram sem dskj. nr. 2 endurrit af löghaldsgjörð með fjórum viðfestum víxlum. Umboðsmenn stefndu fengu nú frest til greinargerðar til 7. febrúar s.l. Er greinargerðir stefndu komu fram, var af beggja hálfu krafizt frávisunar, eins og að framan greinir. Í síðastgreindu þinghaldi óskaði umboðsmaður stefnanda eftir viku fresti til gagnasöfnunar um fram komna frávisunarkröfu. Var því synjað af hálfu stefndu, og var atriðið síðan tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnanda. Með úrskurði, uppkveðnum hinn 13. febr. sl., var stefnanda veittur hinn umbeðni frestur. Í þinghaldi þessu lagði umboðsmaður stefnanda fram þá þrjá víxla, er eigi höfðu verið lagðir fram við þingfestingu málsins. Af hálfu stefndu var því mótmælt, að framlagning víxla þessara skipti nokkru máli um framkomnar frávisunarkröfur.

Málflutningur um hinar framkomnu frávisunarkröfur fór fram hinn 29. marz s.l. Af hálfu stefnanda var þess krafizt, að frávisunarkröfunum yrði hrundið og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefndu að mati dómarans.

Tildrög þess, að framangreindir þrjár víxlar voru ekki lagðir fram við þingfestingu málsins, kveður stefnandi hafa verið þau, að víxlarnir hafi verið í vörzlum borgarfégetaembættisins til afsagnar, og hafi ætlunin verið að sækja þá þangað daginn fyrir þingfestingu málsins, en af því hafi ekki orðið. Hafi ætlunin þá verið að sækja víxlana þingfestingardaginn, en skrifstofa borgarfégetaembættisins hafi ekki verið opnuð fyrir en kl. 10. Að öðru leyti er því haldið fram af hálfu stefnanda, að víxlar séu slík gögn, sem ekki sé nauðsynlegt að leggja fram við þingfestingu máls, heldur megi leggja þá fram síðar.

Svo sem áður er sagt, var mál þetta þingfest hinn 31. janúar s.l., og var þá lagður fram víxillinn, sem í gjalddaga féll hinn 30. nóvember 1956. Hinir þrír víxlarnir, sem afsagðir höfðu verið hinn 19. janúar s.l. og krafizt er greiðslu á í málinu, voru ekki lagðir fram þá, heldur fyrst í þinghaldi 13. febrúar s.l., og höfðu stefndu þá krafizt frávísunar málsins. Það er ljóst, að stefnanda átti að vera í lófa lagið að afla umræddra þriggja víxla frá borgarfégetaembættinu í tæka tíð, svo að hann gæti lagt þá fram þegar við þingfestingu. Þá hefur stefnandi enn ekki lagt fram dómsgerðir af löghaldsgerð þeirri, er hann krefst staðfestingar á í málinu. Þykir málatilbúnaður stefnanda vera slíkur, að vísa beri kröfum hans, að því er varðar þá þrjá víxla, að fjárhæð kr. 10.350.00, kr. 10.525.00 og kr. 10.700.00, er í gjalddaga falla á þessu ári, svo og kröfu hans um staðfestingu á áðurgreindri löghaldsgerð frá dómi. Hins vegar þykja ekki efni standa til að vísa frá dómi kröfum stefnanda varðandi víxil þann, er lagður var fram við þingfestingu málsins.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefndu kr. 800.00 í málskostnað, þ. e. kr. 400.00 til hvors.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt sökum anna.

#### Dómsorð:

Kröfum stefnanda, að því er varðar þrjá framangreinda víxla, er vísað frá dómi, svo og kröfu stefnanda um staðfestingu á framangreindu löghaldi.

Stefnandi, Gunnar Scheving Sigurðsson, greiði stefndu, Gretti Lárussyni og Oddi Helgasyni, kr. 400.00 í málskostnað, hvorum innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.